

Brjef til Alþingis

I.

Upphæð sú, sem mjer er ætlað í fjórlagafrávæðing stjórnammar fyrir 1929 er ekki nema svo sem helmingur þess, sem jeg get komist af með minni, og leyfi jeg mjer að mælast til að það verði lagað. Ætti jeg að standa betur að vígi í slíku máli en margir aðrir. Yfirlit yfir jarðfræði Íslands skrifaði jeg, eftir tilmælum, í safurit með heimasútu þöslu. En ritverk þetta, Handbók yfir regionalen Geologie, er samstítt af hinum færustu jarðfræðingum hvers lands. Í 19. bindinu af Salmonsen, er um mig nálega einn fjórgreini og um hinn heimasúta rasmagnsfræðing dr. Valdemar Poulsen, en ritað hefir einn af skarpgáfuðustu vísindamönnum dönskum, prófessor O. B. Bøggild, og segir hann að rannsóknir mínar á Íslandi sjeu „af grundlæggende Betydning.“ Má vel kalla slíkan vitnisburð ágætis-einkum, og er því furðulegri, sem annar eins snillingur (og þá einkum modo merdico) eins og próf. Þorv. Thoróðdsen, hafði gert það sem hann gat til þess að spilla fyrir mjer. En að því er snertir aðrar rannsóknir mínar, má geta þess, að prófessor A. Wall, hefir í mikilsmetnu blaði, sem eitthvað er lesið, um alt hið breska ríki, birt langa grein um mig sem heimspeking (A Thinker in Thule) og getið þar hinnar íslensku þjóðar á svo loflegan og skemtilegan hátt, að óvilda mun vera eins. Munu

þeir vera fremur fáir, sem meira hafa gert en jeg, eða jafnmikið, til þess að útbreiða þekkingu á Íslandi og íslenskri menningu. Hefi jeg fengið þakkarbrjef fyrir ritgerðir mínar alla leið frá Suður-Afrika, og eins má geta þess, að í fyrravetur sendi enskt skáld, Meredith Starr, mjer kvaði, orki er hann hafði lesið grein eftir mig, og byrjar þannig: Strive on, Great Soul! Er kvaði það ort af mikilli andagift.

II.

Starf mitt er þannig vaxið, að það verður ekki unnið í hjáverkunum. Er jeg að vinna að undirbúningi á ritverki, sem jeg, ef til vill, mun kalla Kosmonomi (Um lög-mál heimsins), ásamt ýmsum öðrum fyrirsögnum. Hefi jeg í sambandi við þetta skrifað brjef, svo þindum mundi skifta, á 5 málum. En þar þúsundir af blaðsíðum, er prentaðar Lafa verið eftir mig, á 4 málum og framundir 50 stöðum (tímaritum o. s. frv. 524 bls. mest á einum stað), eru nægileg bending um að jeg muni hafa mikið í huga um þetta, og einkum ef menn vinna við líve mikla örðugleika til þess að eiga. Hefðu þeir nú að vísu getið verið miklu minni, og verkið þá meira, ef ástæður hefðu verið betri. Mundi jeg, ef efni hefðu reyft, hvert ár eða flest, hafa dvalið 2-3 mánuði erlendis, og þá einnig af tímanum á Skodsborg, þar sem jeg fæ þá meðferð, sem er kur orku mína og gerir mjer að eldara að vinna, enda nauðsynlegt fyrir mig, ritstarfa minna vegna og rannsóknar, að dvelja erlendis með meir en jeg hefi getað gert.

III. 1883

Ekki er því að leynd, að jeg er í miklum vanda, ef ekki þessu verður ekki sint. Tektir mínar undanfaria ár hafa verið mjög

ónógar, og hefi jeg ekki gert það að gamni mínu, að lifa hjer ár eftir ár, við nokkra veru af því, sem jeg kemst varla hjá að kalla pindingar. (Jafnvel á hinum miskunarlausu miðöldum, var talað um tortura insomniæ). Þykist jeg hafa orðið fyrir rangindum eigi all-litlum, þar sem mjer hefir til rannsóknna og ritstarfa verið veitt miklu minna fje en ýmsum mönn um öðrum. — Vil jeg þar jafnvel nefna hinn ágæta náttúrufræðing Bjarna Semundsson. — Aðrir dást ekki meira að Bjarna en jeg, og því fer fjarri mjög, að jeg telji honum oflaunað verið hafa, eða jafnvel nægilega. En hver hefir til síns ágætis nokkuð.

1. febr.

Helgi Pjeturss.

Alk. 5 febr. 28